

## AUGLÝSING

um (1.) breytingu á gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands fyrir þjónustu sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara sem ekki hefur verið samið um, nr. 6/2020.

1. gr.

Eftirfarandi ákvæði bætast við 3. gr. gjaldskrárinnar:

**Eftirfarandi gjaldliðir gilda einungis þegar um fjarsjúkraþjálfun er að ræða:**

14. Myndviðtal. Þjálfun, ráðgjöf og fræðsla, a.m.k. 20 mín.	80,0 ein.
15. Myndviðtal. Þjálfun, ráðgjöf og fræðsla, a.m.k. 30 mín.	118,0 ein.
16. Myndviðtal. Þjálfun, ráðgjöf og fræðsla, a.m.k. 45 mín.	177,0 ein.
17. Eftirfylgni í símtali (sjá skilgreiningu hér að neðan)	40,0 ein.

*Tímamælingar gjaldliða 14 til 17 er samskiptatími með sjúklingi. Innifalið í texta er undirbúningur og skráning í sjúkraskrá.*

Hvert skipti í fjarsjúkraþjálfun telur af heimild sjúkratryggðs til þjálfunar. Myndviðtal telur sem eitt skipti af heimild en símtal telur sem ½ skipti af heimild.

**Fjarsjúkraþjálfun er heimilt að beita að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:**

- Að notaður sé samskiptabúnaður sem viðurkenndur er af embætti landlæknis (EL).
- Áður en fjarþjónusta, önnur en hefðbundin símtöl, er veitt skv. gjaldská þessari skal þjónustuveitandi senda SÍ staðfestingu á að hann uppfylli skilyrði EL um veitingu fjarheilbrigðisþjónustu, sbr. fyrirmæli landlæknis um upplýsingaöryggi við veitingu fjarheilbrigðisþjónustu.
- Rafræn samskipti og fjarsjúkraþjálfun eru ávallt að beiðni sjúklings, fulltrúa hans eða skv. tilvísun frá lækni eða sjúkraþjálfara á heilsugæslustöð.
- Áður en þjónusta er veitt skal sjúklingi gerð grein fyrir kostnaði við þjónustuna.
- Á reikningi vegna þjónustu skal tilgreina gjaldlið og tímalengd hans.
- Samskipti skulu skráð í tímabók (dagbók) sjúkraþjálfara og færð í sjúkraskrá. Tímalengd símtals/myndsamtals liggur til grundvallar tímamælinga sem samskiptabúnaðurinn skráir sjálfkrafa.
- SÍ geta hvenær sem er kallað eftir sundurliðuðum upplýsingum frá sjúkraþjálfurum sem nýta ofangreinda gjaldliði til staðfestingar á að innheimt samskipti hafi átt sér stað og að form þeirra og tímalengd hafi verið samkvæmt þeim gjaldlið sem innheimt var eftir. Þær upplýsingar skulu veittar innan 14 daga, á rafrænu og reikningshæfu (computable) formi svo sem í Excel. Tekið skal fram að skjáskot, textaskjöl og þess háttar falla ekki undir reikningshæf gögn.
- Ofangreindir gjaldliðir eiga ekki við þegar um tímabókanir/afbókanir er að ræða.
- Ekki er gerð krafa um skriflega staðfestingu sjúklings á að fjarsjúkraþjálfun eða símtal hafi átt sér stað en ávallt skal skrifa sjúkraskrá þar sem fram kemur hvað fór fram í samtali eða þjálfun.
- Óheimilt er að nota gjaldliði vegna fjarþjálfunar með öðrum gjaldliðum sama dag.
- Vista skal rafræn gögn vegna fjarþjálfunar í sjúkraskrá.

**Ábendingar fyrir fjarþjálfun:**

- Veita sjúklingum sem þurfa þjónustu sjúkraþjálfara, meðan COVID-19 faraldur gengur yfir, nauðsynlega meðferð. Þjónustan er ætluð þeim sem eru með skerta færni vegna verkja og leiðbeiningar með myndsamtali/símtali gætu dregið úr eða lagað einkenni.
- Leiðbeina með þjálfun þeirra sem nýlega hafa farið í aðgerð eða í kjölfar veikinda og slysa og ljóst er að skerðing á þjónustu sjúkraþjálfara getur haft verulega neikvæð áhrif á færni og vinnuhæfni sjúklings. Fylgja eftir og viðhalda samfelli í meðferð með því m.a. að uppfæra æfingaáætlanir hjá þeim sem verið hafa í meðferð og þurfa leiðbeiningar við að halda áfram

með sína þjálfun enda sé ljóst að skerðing á þjónustu sjúkraþjálfara geti haft verulega neikvæð áhrif á færni og vinnuhæfni sjúklings.

**Skilyrði fyrir fjarþjálfun:**

- a) Sjúklingur þarf að hafa getu til að nýta sér fjarþjálfun og tækjabúnað sem krafist er við slíka þjálfun.
- b) Sjúkraþjálfari skal ávallt gæta að öryggi sjúklings við fjarþjálfun og ekki viðhafa skoðun eða meðferð sem ógnað gæti öryggi hans.

**Frekari skilgreiningar vegna fjarþjálfunar:**

*Myndviðtal, þjálfun, ráðgjöf og fræðsla.*

Með þjálfun, ráðgjöf og fræðslu í myndviðtali er átt við mat á einkennum og færni sjúklings. Veittar eru einstaklingsmiðaðar leiðbeiningar um æfingar, ráðleggingar varðandi líkamsbeitingu, hreyfingu og annað sem nauðsynlegt er varðandi meðferð. Einnig mat á árangri fyrri leiðbeininga og uppfærsla á þjálfunarprógrammi.

Heimilt er að nota myndviðtal að hámarki þrisvar sinnum í mánuði fyrir hvern sjúkling. Ef sjúkraþjálfari telur að nauðsynlegt sé að veita leiðbeiningar með myndviðtali oftast skal senda rökstudda umsókn þess efnis til SÍ.

*Eftirfylgni í símtali.*

Með eftirfylgni í símtali er átt við símtal þar sem sjúkraþjálfari er að fylgja eftir framgangi þjálfunar og veita ráðgjöf um framhald meðferðar. Ekki er heimilt að nota gjaldliðinn vegna bókana eða afbókana. Heimilt er að nota gjaldliðinn að hámarki þrisvar sinnum í mánuði fyrir hvern sjúkling. Gert er ráð fyrir að símtal taki 10 til 15 mín. að meðaltali.

2. gr.

Á meðan að neyðarstig er í gildi, eða eftir atvikum samkomubann, vegna COVID-19 faraldurs, munu Sjúkratryggingar Íslands ekki taka þátt í kostnaði vegna hóppjálfunar eða meðferðar í vatni.

3. gr.

Auglýsing þessi um breytingu á gjaldskrá, sem sett er með stoð í 1. mgr. 38. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, og reglugerð nr. 1364/2019, um endurgreiðslu kostnaðar vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara sem starfa án samnings við Sjúkratryggingar Íslands, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Sjúkratryggingum Íslands, 1. apríl 2020.*

**María Heimisdóttir.**

*Katrín E. Hjörleifsdóttir.*